



Reykjavík, 6. nóvember 2024

MIR24110004

ERINDISBRÉF

Starfshóps um staðarvalsgreiningu fyrir bókasafn í Árbæ

Ábyrgðaraðili:

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Inngangur:

Í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar frá því í júní 2022 er tekið fram að á kjörtímabilinu skuli vinna að staðarvalsgreiningu fyrir bókasafnið í Árbæ.

Núverandi staðsetning og húsnæði þykir óhentugt fyrir bókasafn sem þjónar stóru hverfi og fjölda íbúa. Mikilvægt er að skoða möguleikana á því að flytja safnið í hentugra húsnæði og skoða slíka staðsetningu út frá samstarfi við fleiri þjónustuaðila í Árbæ. Mikilvæg er að horfa til þróunar bókasafna sem upplýsinga-, menningar-, hringrásar- og samfélagsmiðstöðva.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að rýna núverandi aðstöðu og vinna þarfagreiningu fyrir nýtt safn í Árbæ. Eiga samráð við hagsmunaaðila og koma með tillögur að hugsanlega nýrri staðsetningu ásamt kostnaðarmati, verk- og tímaáætlun.

Helstu verkefni:

- Vinna þarfagreiningu fyrir bókasafn í Árbæ
- Vinna kostnaðaráætlun
- Gera tillögu að staðsetningu fyrir bókasafnið í Árbæ
- Vinna verk- og tímaáætlun

Starfshópurinn skipa:

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður

Katrín Guðmundsdóttir, deildarstjóri Borgarbókasafnsins í Árbæ

Logi Sigurfinnsson, verkefnisstjóri á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs

Starfsmaður starfshópsins:

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri miðlunar og nýsköpunar Borgarbókasafni Reykjavíkur

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinnur hugmyndir sínar í samráði við umhverfis- og skipulagssvið, skóla- og frístundasvið, velferðarsvið og önnur svið borgarinnar eftir atvikum ásamt hagsmuna- og samstarfsaðila í Árbæjarhverfi.

Starfstími:

Starfshópurinn skilar ábyrgðaraðila tillögum 1. maí 2025.



Reykjavík



Reykjavík, [Dags.]

Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs